



108. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 9. desember 2009 í Stykkishólmi

Mætt: Kolbrún Reynisdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Þorleifur Eiríksson og Magnús A. Sigurðsson.

Fundarritari: Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 10:30.

Fundargerð 107. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

Samningur við Raunvísindadeild Háskóla Íslands um örnefnaskráningar

Farið var yfir drög að samningi og greint frá stöðu málsins.

Afgreiðsla:

Óskað verður eftir fundi með Guðrúnu Gísladóttur, Háskóla Íslands, til að ræða nánar einstök atriði sem fram koma í drögum samningsins.

Upplýsingaskilti við ferjuhafnir á Breiðafirði

Farið var yfir texta og myndir. Textinn er tilbúinn og verður sendur til yfirlestrar en við nánari athugun kom í ljós að það vantar myndir af gróðri og sel. Leitað verður til Daníels Bergmanns.

Umhverfissvottun Íslands

Skýrslan verður tekin fyrir á næsta fundi.

Önnur mál

Ákveðið var að semja við Náttúrustofu Vestfjarða um áframhaldandi vinnu við skráningu örnefna og fornminja í Dalabyggð.

Fundi var slitið kl. 16:10. Næsti fundur verður haldinn 7. janúar 2010.